

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 269/2019****2023/EES/5/23****frá 25. október 2019****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Evrópusambandið, Ísland og Noregur eru skuldbundin til að draga úr heildarlosun á gróðurhúsalofttegundum, í samræmi við það markmið að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að halda henni við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu.
- 2) Rétt er að auka umfang samstarfs samningsaðilanna að EES-samningnum svo það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 frá 30. maí 2018 um að fella losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt inn í loftslags- og orkurammann fram til ársins 2030 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 og ákvörðun nr. 529/2013/ESB ⁽¹⁾.
- 3) Rétt er að auka umfang samstarfs samningsaðilanna að EES-samningnum svo það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 ⁽²⁾.
- 4) Rétt er að auka umfang samstarfs samningsaðilanna að EES-samningnum svo það taki til tiltekinna ákvæða reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun Orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ⁽³⁾, sem eru nauðsynlegar til innleiðingar á reglugerðum (ESB) 2018/841 og (ESB) 2018/842.
- 5) Rétt er að auka samstarfs samningsaðilanna svo það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB ⁽⁴⁾, sem eru nauðsynleg til innleiðingar á reglugerð (ESB) 2018/842.
- 6) Rétt er að auka umfang samstarfs samningsaðilanna að EES-samningnum svo það taki til tiltekinna ákvæða framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 749/2014 frá 30. júní 2014 um skipulag, snið, framlagningarferli og yfirferð á upplýsingum sem aðildarríkin láta í té samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ⁽⁵⁾, sem eru nauðsynleg til innleiðingar á reglugerðinni (ESB) 2018/842.
- 7) Með þessari ákvörðun grípa Ísland og Noregur til aðgerða til þess að uppfylla markmið sín um að minnsta kosti 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030, samanborið við gildin á árinu 1990.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 156, 19.06.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 156, 19.06.2018, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 203, 11.7.2014, bls. 23.

- 8) Ákvörðun þessi er með fyrirvara um framkvæmd ESB, Íslands og Noregs á Parísarsamningnum.
- 9) Fjárhagsleg málefni falla ekki undir EES-samninginn. Beiting 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/842 er því með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.
- 10) Eftirlitsstofnun EFTA ætti að gæta samráðs við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins þegar leitað er til hennar um verkefni sem varða Ísland og Noreg í samræmi við þessa ákvörðun.
- 11) Valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins samkvæmt þessari ákvörðun takmarkast við þær skuldbindingar sem gengist er undir hér með.
- 12) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo hið aukna umfang samstarfsins geti átt sér stað.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir 7. mgr. 3. gr. (Umhverfi) bókunar 31 við EES-samninginn:

„8. a) Ísland og Noregur munu uppfylla markmið hvors um sig um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir tímabilið frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2030 í samræmi við eftirfarandi lagagerðir:

- **32018 R 0841**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 frá 30. maí 2018 um að fella losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt inn í loftslags- og orkuramann fram til ársins 2030 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 og ákvörðun nr. 529/2013/ESB (Stjtið. ESB L 156, 19.06.2018, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- i) Í 2. mgr. 6. gr. hljóða orðin „30 árum“ sem „50 árum“, hvað Ísland varðar.
- ii) Eftirfarandi er bætt við 7. mgr. 8. gr.:

„EFTA-ríkin skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um endurskoðuð tillögð viðmiðunargildi þeirra fyrir skóga eigi síðar en níu mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2019 frá 25. október 2019 fyrir tímabilið 2021 til 2025. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta endurskoðuð tillögð viðmiðunargildi fyrir skóga sem EFTA-ríkin hafa tilkynnt til hennar.“

- iii) Ákvæði a-liðar 2. mgr. 13. gr. EES-samningsins skal hvað EFTA-ríkin varðar hljóða svo:

„EFTA-ríkið hefur lagt fram áætlun sem sett er fram hér á eftir um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt með að minnsta kosti 30 ára heildarsýn, sem m.a. felur einnig í sér yfirstandandi eða fyrirhugaðar sértækar ráðstafanir til að tryggja verndun eða eflingu, eins og við á, viðtaka og geyma í skógum.

1. Hvert EFTA-ríki skal fyrir 1. janúar 2020 útbúa og leggja fram hjá Eftirlitsstofnun EFTA áætlun um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt með að minnsta kosti 30 ára heildarsýn. EFTA-ríkin skulu eftir því sem við á uppfæra þessar áætlanir fyrir 1. janúar 2025.

2. Áætlanir EFTA-ríkjanna skulu stuðla að því að:

a) uppfylltar séu skuldbindingar EFTA-ríkjanna samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna og Parísarsamningsins um að draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum af manna völdum og auka upptöku í viðtaka og stuðla að aukinni kolefnisbindingu.

b) uppfylla markmið Parísarsamnings um að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að halda henni við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu.

c) náð sé langtíamarkmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka upptöku í viðtaka að því leyti sem skiptir máli fyrir geirann um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt (LULUCF), í samræmi við markmiðið, með hliðsjón af nauðsynlegri skerðingu samkvæmt milliríkjanefndinni um loftslagsbreytingar (IPCC), að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með kostnaðarhagkvæmum hætti og auka skerðingu gróðurhúsalofttegunda með kostnaðarhagkvæmum hætti og auka upptöku í viðtaka í því skyni að ná hitastigsmarkmiðum Parísarsamningsins svo unnt sé að ná jafnvægi milli losunar frá upptökum af mannavöldum og upptöku gróðurhúsalofttegunda í viðtaka á síðari hluta þessarar aldar á grundvelli sanngirni og með hliðsjón af sjálfbærri þróun og þeirri viðleitni að útrýma fátækt.

3. Áætlanir EFTA-ríkjanna skulu fela í sér:

a) Skerðingu á losun og aukna upptöku frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt (LULUCF), að teknu tilliti til líforku og lífefna úr þessum geira.

b) Tengingu við önnur innlend langtíamarkmið, áætlanagerð og önnur stefnumið og ráðstafanir, að því marki sem það hefur þýðingu fyrir landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt.

4. EFTA-rikin skulu upplýsa um áætlanir hvers um sig og breytingar á þeim og gera þær tiltækar almenningi þegar í stað.

5. Eftirlitsstofnun EFTA skal leggja mat á hvort áætlanir EFTA-ríkjanna séu fullnægjandi, svo unnt sé að telja þetta ákvæði uppfyllt.

6. Áætlanir EFTA-ríkjanna um landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt skulu fela í sér þá þætti sem greinir hér á eftir:

A. YFIRLIT YFIR OG VINNSLA ÁÆTLANANNA

A.1. Samantekt

A.2. Lagasjónarmið og heildarsýn, þ.m.t. leiðbeinandi áfangar fyrir 2040 og 2050

B. INNTAK

B.1. LANDNOTKUN, BREYTT LANDNOTKUN OG SKÓGRÆKT (LULUCF)

B.1.1. Áætluð skerðing á losun og aukin upptaka fyrir 2050

B.1.2. Vætanleg losun frá upptökum og eftir einstökum GHG, eftir eftir því sem kostur er

B.1.3. Fyrirséðir valkostir fyrir skerðingu á losun og aukningu upptöku í viðtaka

B.1.4. Stefnumið um aðlögun og ráðstafanir, eftir því sem við á, fyrir verndun eða eflingu viðtaka og geyma í skógum

B.1.5. Atriði sem varða eftirspurn á markaði fyrir lífmassa og áhrif á uppskeru

B.1.6. Upplýsingar um líkön (m.a. forsendur) og/eða mat, vísa, o.s.frv., eftir því sem nauðsyn krefur.“

- iv) Eftirfarandi er bætt við 2. mgr. 15. gr.:

„Miðlægi stjórnandinn skal vera til þess bær að sinna verkefnum sem vísað er til í þessari grein, hvað EFTA-ríkin varðar. Eftirlitsstofnun EFTA skal upplýst ef miðlægi stjórnandinn lokar á færslu sem varðar EFTA-ríkin eða er framkvæmd af þeim.“

- v) Eftirfarandi er bætt við töfluna í II. viðauka:

„Ísland 0,5 10 2

Noregur 0,1 10 5“

- vi) Eftirfarandi er bætt við töfluna í III. viðauka:

„Ísland 1990

Noregur 1990“

- vii) Eftirfarandi er bætt við g-lið gr. A í IV. viðauka:

„Viðmiðunargildi EFTA-ríkjanna fyrir tímabilið 2021-2025 skal vera í samræmi við spár sem Umhverfisstofnun Evrópu hefur verið upplýst um af frjálsum vilja í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 525/2013 og, hvað Ísland varðar, einnig í samræmi við tvíhliða samning milli Íslands og Evrópusambandsins og aðildarríkja þess að því er varðar þátttöku Íslands í sameiginlegum skuldbindingum Evrópusambandsins, aðildarríkja þess og Íslands fyrir annað skuldbindingatímabil Kýmótóbókunarinnar við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ⁽⁶⁾.“

- viii) Eftirfarandi er bætt við töfluna í VII. viðauka:

„Ísland -0,0224 -0,0045

Noregur -29,6 -35,5“

- **32018 R 0842:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 (Stjútíð. ESB L 156, 19.06.2018, bls. 26).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- i) Í 3. mgr. 4. gr. er eftirfarandi bætt við, hvað EFTA-ríkin varðar:

„Í því skyni að ákvarða árlega losunarúthlutun fyrir árin 2021 til 2030, hvað EFTA-ríkin varðar, með tilliti til tonna koltvísýringsgilda, eins og fram kemur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, verður grunnviðmiðunarárið 2005 fyrir árlega losunarúthlutun 2030 byggt á muninum á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda árið 2005 í kjölfar ítarlegrar yfirferðar, sem fer með koltvísýringulosun frá flugi sem núll, og staðfestri losun 2005 samkvæmt viðskiptakerfi ESB miðað við losunarheimildir árið 2013 sem greint var frá í B-hluta viðauka við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 ⁽⁷⁾, aðlagð með gildum fyrir mátt hitahækkunar sem samþykkt voru framseldri lagagerð sem vísað er til í b-lið 6. gr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999 eða þeim gildum sem fram koma í fjórðu matsskýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar (IPCC) þar til framselda gerðin tekur gildi. Tölur fyrir staðfesta losun 2005 samkvæmt viðskiptakerfi ESB sem koma fram í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 207, 4.8.2015, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjútíð. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 38, og EES-viðbætur 63, 8.11.2012, bls. 43.

nr. 152/2012 (önnur matsskýrsla) og sömu tölur með uppfærðum gildum fyrir mátt hitahækkunar sem tekið verður mið af við ákvörðun árlegrar losunarúthlutunar fyrir árin 2021 til 2030 samkvæmt ákvæðum þessarar greinar eru settar fram í viðaukanum.“

ii) Eftirfarandi er bætt við á eftir IV. viðauka:

„Viðbætur

Tölur EFTA-ríkjanna fyrir staðfesta losun 2005 samkvæmt viðskiptakerfi ESB sem fram koma í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 (önnur matsskýrsla) og sömu tölur með uppfærðum gildum fyrir mátt hitahækkunar (fjórða matsskýrsla) sem taka ber mið af við ákvörðun árlegrar losunarúthlutunar fyrir árin 2021 til 2030 samkvæmt 3. mgr. 4. gr.

Tafla 1: Staðfest losun samkvæmt viðskiptakerfi ESB 2005 fyrir Noreg

Gróðurhúsaloft-tegundir (tonn)	CO ₂ -eq (önnur matsskýrsla)	CO ₂ -eq (fjórða matsskýrsla)	N ₂ O/PFC
CO ₂	23 090 000	23 090 000	
N ₂ O	1 955 000	1 880 000	6 308
PFC	829 000	955 000	
CF ₄			116,698
C ₂ F ₆			7.616
Samtals	25 874 000	25 925 000	

Tafla 2: Staðfest losun samkvæmt viðskiptakerfi ESB 2005 fyrir Ísland

Gróðurhúsaloft-tegundir (tonn)	CO ₂ -eq (önnur matsskýrsla)	CO ₂ -eq (fjórða matsskýrsla)	N ₂ O/PFC
CO ₂	909 132	909 132	
PFC	26 709	31 105	
CF ₄			3,508
C ₂ F ₆			0,424
Samtals	935 841	940 237	

”

iii) Í 1. mgr. 6. gr. orðast „100 milljón losunarheimildum“ sem „107 milljónir losunarheimilda“.

iv) Eftirfarandi er bætt við 2. mgr. 12. gr.:

„Miðlægi stjórnandinn skal vera til þess bær að sinna verkefnum sem vísað er til í þessari grein, hvað EFTA-ríkin varðar. Eftirlitsstofnun EFTA skal upplýst ef miðlægi stjórnandinn lokar á færslu sem varðar EFTA-ríkin eða er framkvæmd af þeim.“

v) Eftirfarandi er bætt við töfluna í I. viðauka:

„Ísland - 29 %

Noregur - 40 %“

vi) Eftirfarandi er bætt við töfluna í II. viðauka:

„Ísland	4 %
Noregur	2 %“

vii) Töflunni í III. viðauka er breytt sem hér segir:

a. Eftirfarandi er bætt við töfluna:

„Ísland	0,2
Noregur	1,6“

b. Í stað tölunnar „280“ fyrir hámarks magn samtals kemur „281,8“

- **32018 R 1999:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun Orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).

Þau ákvæði reglugerðarinnar sem gilda eru talin upp hér á eftir og skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

i) Einungis eftirfarandi ákvæði reglugerðarinnar gilda:

Ákvæði 1.-10. mgr. 2. gr., 12.-13. mgr. 2. gr., 15.-17. mgr. 2. gr., 18. gr., 2.-7. mgr. 26. gr., b-liður 5. mgr. 29. gr., 37.-42. gr., a-liður 1. mgr., 2.-3. mgr. og 6. mgr. 44. gr., 57.-58. gr., og V.-VII. viðauki og XII.-XIII. viðauki.

ii) Hvað þessa grein áhrærir gilda ákvæði 1-10. mgr. 2. gr., 12.-13. mgr. 2. gr. og 15.-17. mgr. 2. gr. hvað EFTA-ríkin varðar að því marki sem þær varða framkvæmd reglugerða (ESB) 2018/841 og (ESB) 2018/842.

iii) Hvað varðar EFTA-ríkin hljóðar 4. mgr. 26. gr. sem hér segir:

„Eigi síðar en 15. apríl ár hvert skulu Ísland og Noregur senda Eftirlitsstofnun EFTA afrit af endanlegum gögnum úr skráum yfir gróðurhúsalofttegundir, sem skýrsla er gefin um, til skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) í samræmi við 3. mgr.“

iv) Hvað varðar EFTA-ríkin gildir 41. gr. einungis að því leyti sem vísað er til ákvæða hennar eða hluta þeirra, sem getið er í greininni, eða þau eru tilgreind í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2019 frá 25. október 2019.

v) Hvað EFTA-ríkin varðar er eftirfarandi málslíð bætt við á eftir fyrsta málslíð 42. gr.:

„Umhverfisstofnun Evrópu skal einungis aðstoða Eftirlitsstofnun EFTA í sínum störfum að því er varðar 18. gr., 2.-7. mgr. 26. gr., b-lið 5. mgr. 29. gr., 37.-39. gr. og 41. gr.“

- **32013 R 0525:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtið. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

Þau ákvæði reglugerðarinnar sem gilda eru talin upp hér á eftir og skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- i) Einungis eftirfarandi ákvæði reglugerðarinnar gilda:

Ákvæði 7. gr., 1. mgr. og 3. mgr. 19. gr.

- ii) Hvað þessa málsgrein áhrærir gilda ákvæði 7. gr., 1. mgr. og 3. mgr. 19. gr. einungis, hvað EFTA-ríkin varðar, að því marki sem þær varða framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/842.

- **32014 R 0749:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 749/2014 frá 30. júní 2014 um skipulag, snið, framlagningarferli og yfirferð á upplýsingum sem aðildarríkin láta í té samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtið. ESB L 203, 11.7.2014, bls. 23).

Þau ákvæði reglugerðarinnar sem gilda eru talin upp hér á eftir og skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- i) Einungis eftirfarandi ákvæði reglugerðarinnar gilda:

3.-5. gr., 7.-10. gr., 12.-14. gr., 16. gr., 29. gr., 32.-34. gr., 36.-37. gr. og I.-VIII. viðauki og tafla 2 í XVI. viðauka.

- ii) Hvað þessa málsgrein áhrærir gilda ákvæði 3.-5. gr., 7.-10. gr., 12.-14. gr., 16. gr., 29. gr., 32.-34. gr., 36.-37. gr. og I.-VIII. viðauki og tafla 2 í XVI. viðauka einungis, hvað EFTA-ríkin varðar, að því marki sem þær varða framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/842.

- b) Að því er varðar 3. mgr. 79. gr. EES-samningsins gildir VII. hluti (ákvæði um stofnanir) samningsins einungis um þessa málsgrein.
- c) Bókun 1 við EES-samninginn (altæk aðlögun) gildir um þessa málsgrein að breyttu breytanda.
- d) Tilvísanir til löggjafar Sambandsins, lagagerða, reglna, stefnumiða og ráðstafana í lagagerðunum og ákvæða sem vísað er til eða eru í þessari málsgrein skulu gilda að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem viðkomandi löggjöf, lagagerðir, reglur, stefnumið eru tekin upp í samning þennan.
- e) Ísland og Noregur skulu taka fullan þátt í störfum loftslagsbreytinganefndarinnar í samræmi við viðlagagerðirnar og ákvæðin sem vísað er til eða er að finna í þessari grein, þó án atkvæðisréttar.
- f) Þegar framkvæmdastjórnin á samráð við sérfræðinga sem aðildarríkin hafa tilnefnt í samræmi við lagagerðirnar og ákvæðin sem vísað er til eða er að finna í þessari grein, skal hún eiga samráð við sérfræðinga sem EFTA-ríkin hafa tilefnt á sama grundvelli.
- g) Umhverfisstofnun Evrópu skal aðstoða Eftirlitsstofnun EFTA í sínum störfum í samræmi við reglugerðir (ESB) 2018/841 og (ESB) 2018/842.
- h) Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Liechtenstein.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2019, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram, eftir því hvor dagsetningin er síðar (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

Yfirlýsing Íslands og Noregs

um landsáætlanir í tengslum við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 269/2019 frá 25. október 2019

Ísland og Noregur munu af frjálsum vilja vinna landsáætlanir þar sem því er lýst hvernig Ísland og Noregur hyggjast uppfylla skuldbindingarnar sem þau hafa gengist undir með því að gera eftirfarandi lagagerðir hluta af bókun 31 við EES-samninginn:

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 frá 30. maí 2018 um að fella losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt inn í loftslags- og orkurammann fram til ársins 2030 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 og ákvörðun nr. 529/2013/ESB (LULUCF-gerðin).
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/842 frá 30. maí 2018 um bindandi árlega skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda aðildarríkjanna frá 2021 til 2030 sem stuðlar að loftslagsaðgerðum til að uppfylla skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 (ESR-gerðin).

Ísland og Noregur munu hvort um sig vinna landsáætlanir og gera þær aðgengilegar aðildarríkjum ESB, framkvæmdastjórninni, Eftirlitsstofnun EFTA og almenningi fyrir 31. desember 2019.

Áætlanirnar munu innihalda helstu eftirfarandi þætti:

- Samantekt
- Yfirlit yfir gildandi innlenda stefnu í loftslagsmálum
- Lýsingu á innlendum skuldbindingum vegna markmiðs í tengslum við sameiginlegar efndir og ábyrgð (ESR) og landnotkunar, breyttrar landnotkunar og skógræktar (LULUCF)
- Lýsingu á helstu núgildandi og fyrirhuguðum stefnumiðum og ráðstöfunum sem ráðgerðar eru til að uppfylla markmið ESR og LULUCF
- Lýsingu á núverandi losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku, auk áætlana varðandi ESR-markmiðið og LULUCF skuldbindingar á grundvelli stefnumiða og ráðstafana sem þegar eru fyrir hendi
- Mat á áhrifum áætlaðrar innlendar stefnu og ráðstafana til þess að uppfylla ESR-markmiðið og LULUCF skuldbindingar, í samanburði við spár grundvallaðar á núverandi stefnu og ráðstöfunum og lýsingu á samspili núverandi og áætlaðrar innlendar stefnu og ráðstafana.